

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 7.5% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 208/1967.

Atvinnuáráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 326.

30. desember 1968.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við háspennu.**

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kv. spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kw. afl og fyrir 6—11 kv. aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og sammingsbundna tímallengd notkunar.

Raforkugjald.

Aflgjald	1 880.00 kr. á árskw.
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartími á kw.	25 aurar á kwst.
Fyrir næstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartími á kw.	21 aurar á kwst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. ársnýtingu á kw.	20 aurar á kwst.

Aflmæling.

Árskw. miðast við álagstoppa, sem er meðalalag á 30 mín. tímabili. Aflgjald skal reiknað á meðaltal fjögurra hæstu álagstoppa á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. janúar að telja.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með þeim álagstoppi á kw. sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Launafll.

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta rafmagnsveiturnar krafizt, að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, ársgreiðslu hans, miðuð við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar, eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76 gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Söluskattur er ekki innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 og tekur hún gildi 1. janúar 1969. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 206/1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

31. desember 1968.

Nr. 327.

REGLUR**um öryggisbelti í bifreiðum.****1. gr.**

Öryggisbelti eru ýmist þriggja eða tveggja punkta:

Þriggja punkta öryggisbelti er hvorttveggja í senn notað yfir mjaðmir og yfir mjöðm og öxl.

Tveggja punkta öryggisbelti eru tvenns konar:

- a) Belti notað yfir mjaðmir.
- b) Belti notað yfir mjöðm og öxl.

2. gr.

Þann enda öryggisbeltis, sem liggur yfir mjöðm, skal festa í lágfestipunkti og þann enda, sem liggur yfir öxl, skal festa í háfestipunkti.

Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjaðmir hefur tvo lágfestipunkta. Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjöðm og öxl hefur einn lágfestipunkt og einn háfestipunkt. Þriggja punkta öryggisbelti hefur tvo lágfestipunkta og einn háfestipunkt.